


Íslendingar hafa verið feimnir við manneskjuna í málverkinu

Ég er að fást við manneskjuna í mínum myndum og þessi túlkunarmáti er mér einfaldlega eðlilegur út frá þeim forsendum, segir Sigurður Þórir, þar sem ég hitti hann á vinnustofu hans inni í Vogum nú í vikunni. Þetta er gamalt fiskverkunarhús, rúmgóð vinnustofa með þakbirtu og það eru málverk í hverju horni, enda ætlar Sigurður að fylla vestursal Kjarvalsstaða með myndum sínum. Og myndirnar eru allar af fólki: maður eða kona eða maður og kona og sums staðar sjáum við náttúruna sem bakgrunn eða áminningu eða jafnvel ljúfsára endurminningu.

Myndir Sigurðar Þóris minna á það sem var að gerast í evrópskri myndlist á 3. áratugnum, og lítanotkunin, sem oft er óvænt og áhrifamikil, minnir á ýmsa síðimpressíonista eins og Gauguin eða jafnvel Matisse. Og ég byrja á því að spyrja Sigurð að því hvort það séu meðvitað tengsl í myndum hans við 3. áratuginn eða árin á milli stríða.



Ljós. Sig.

Nei, það er ekki meðvitað, en þó er hugsanlegt að finna megi einhverja hliðstæðu við þá tíma og tímann sem við lifum nú. Á millistríðsárunum bjuggu menn við óvissuástand ekki ósvipað og nú, þar sem stríðsógnun nasismans var að vaxa rétt eins og kjarnorkuógnin í dag. Ég hef hins vegar legið yfir málurum eins og Cézanne, Matisse og Picasso og er kannski eitthvað andlega skyldur þeim, en aðalatriðið er þó að ég er að fást við manneskjuna, og út frá þeim forsendum varð þetta eðlilegur túlkunarmáti fyrir mig.

Abstraktlistin hefur reyndar aldrei höfðað til mín sem tjáningarleið, þótt ég kunni vel að meta marga abstraktlistamenn og hafi lært af þeim, eins og til dæmis Svavari Guðnasyni. En þegar ég var að móttast var það annað sem kallaði á mann en formfræðin og stíllinn. Vítanstríðið og aðrar hörmungar sem gengu yfir á 7. og 8. áratugnum kölluðu beinlínis á það að maður leitaði út fyrir formfræðina og formalismann sem verið hafði grundvallaratriði í skólanum. Í fyrstu leitaðist ég við að túlka hráan og kaldan veruleika hversdagsins, en nú er ég farinn að túlka manneskjuna á mun ljóðrænni hátt. Ég er í myndum mínum að fjalla um ákveðna fegurð í manneskjunni og náttúrunni, verðmæti sem eru andhverfa þeirrar efnishyggu og tæknihyggu sem einkennir samtímann. Ég er hættur að hugsa þannig að hægt sé að bjarga heiminum með myndlistinni, en mér finnst hins vegar að málariinn þurfi að vera meðvitaður um það sem hann er að gera og hafa ákveðinn hugmyndafræðilegan grundvöll. Ef ég get túlkað

einhverja fegurð í manneskjunni og þar með höfðað til jákvæðra eðlisþátta í þeim sem skoðar myndir mínar, þá er ég fyllilega ánægður. Ég tel að það hljóti að vera eftirsóknarvert ef maður getur haft góð áhrif á aðra.

Manneskjan er ekki algengt viðfangsefni í íslenskrum myndlist. Ef við lítum aftur í tímann, þá sjáum við að fáir af eldri málurum okkar hafa haft hana að viðfangsefni. Kann þú skýringu á því?

Nei, ekki get ég sagt það. En gömlu brautryðjendurnir festust í landslaginu. Landslagsmálverkið þjónaði ákveðinni þörf og átti kannski sínar eðlilegu forsendur. Það kemur upp á þeim tíma þegar ekki var nein borgarmenning komin hér á Íslandi, en bændurnir voru þó í óðaönn að flýttast á mölina. Þeir vildu gjarnan flýta heimahagana með sér inn á stofuvegginn. Það var eðlileg rómantik á þeirra tíma visu. Ég sakna þess hins vegar að þessi mikla og skemmtilega landslagshefð í íslensku málverki skuli ekki hafa skilið meira eftir í myndlistaruppeldi þjóðarinnar. Fólk virðist ekki kunna að gera greinarmun á venjulegri landslagsmynd og landslagsmynd sem jafnframt er gott málverk og felur í sér merki-lega túlkun.

Ég held að Jón Engilberts hafi verið brautryðjandi hér á landi í að gera manneskjuna að meginviðfangsefni málverksins. Og hann átti líka erfitt uppdráttar fyrst í stað. Mér er sagt að þegar hann gerði veggsmálverkið sem er

í Búnaðarbankanum í Austurstræti hafi hann fyrst haft konuna í málverkinu nakta. En bankastjórnarnir óttuðust að þessi nakta kona myndi fæla viðskiptavinum frá bankanum og fyrirskipuðu honum að klæða konuna í föt, síðseminnar vegna. Íslendingar voru á þessum tíma feimnir við manneskjuna í málverkinu og vildu alls ekki sjá hana nakta, jafnvel þótt slíkt hafi tíðkast erlendis allt frá endurreisnartímanum.

Ef við lítum á fleiri íslenska málara sem haft hafa manneskjuna að meginviðfangsefni þá kemur Gunnlaugur Scheving í hugann, og svo auðvitað Alfred Flóki. Annars er það varla fyrr en á síðari árum að manneskjan kemur fram í myndlistinni sem þungamiðja. Hjá yngri málurum sjáum við þetta til dæmis í verkum Gunnars Arnar, Jóhönnu Yngvadóttur, Jóns Axels, Helga Þorgils og fleiri. Hér hefur orðið greinileg breyting og það eru ákveðnar aðstæður í samtímanum sem kalla á þetta. Aðstæður sem kannski eiga sér einhverja hliðstæðu við 3. áratuginn sem þú minnst á.

Þú talar um Jón Engilberts sem brautryðjanda í þessu sambandi. Stundum má kannski sjá vissar skyldleika við hann í myndum þínum. Er það meðvitað?

Nei, ég hef ekki sérstaklega lært af Jóni. Ég held til dæmis að ég hafi lært meira af Svavari Guðnasyni. En þegar ég mála, þá læt ég fyrst og fremst tilfinning-

arnar ráða. Ég geng til verks með tóman hugann og er ekki að hugsa um einhvern ákveðinn stíl eða lit, heldur læt ég myndina vaxa fram. Stíllinn kemur eftir, hann er ávöxtur þeirrar vinnu sem á undan er gengin. Kúbistarnir voru ekki að finna upp einhvern stíl stílsins vegna. Hann varð til af nauðsyn. Það er eitthvað í samtímanum sem kallar á þessar breytingar og gerir þær nauðsynlegar.

Annars er það athyglisvert að þótt manneskjan hafi átt erfitt uppdráttar í íslenskrum myndlist allt fram á þennan áratug, þá hefur hún alltaf verið miðpunktur bókmenntanna. Það gæti verið fróðlegt að rannsaka orsakir þessa nánar, en ég hef enga skýringu á reidum höndum.

Annars finnst mér mjög gaman að sjá þessa þróun myndlistarinnar á sýningu Listasafnsins, sem nú stendur yfir. Þar kemur þetta glögg í ljós. Fyrst höfum við landslagsmálarana. Svo koma abstraktmálararnir með modernismanum. Abstraktmálverkið var ávöxtur stríðsins. Svo sjáum við nútímann, þar sem öllu ægir saman og algjör glundroði ríkir. Við lifum greinilega á rótlausum tímum, og mér finnst það mikilvægt í málverkinu að benda nú á þau verðmæti í manneskjunni sem geta orðið til þess að varðveita menninguna og það sem okkur er mikils virði. Að tefla hinu jákvæða fram gegn eyðingaróflunum í kringum okkur. Það er málið.

—ólq.

segir Sigurður Þórir listmálari, sem opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum um þessa helgi